

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2023

2023/EES/81/06

frá 28. apríl 2023

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1171 frá 22. mars 2022 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 í því skyni að bæta við endurheimtum efniviðum af miklum hreinleika sem efnisþáttaefniviðaflokki í ESB-áburðarvörur ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009) í XIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 1171**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1171 frá 22. mars 2022 (Stjtið. ESB L 183, 8.7.2022, bls. 2).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1171, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 183, 8.7.2022, bls. 2.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2233, 9.11.2023, og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 3.